

1. SAMANTEKT

Þessi samantekt er gerð í samræmi við 7. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 („**lysingarreglugerðin**“) og 4. grein framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 um viðbætur við lysingarreglugerðina. Samantektin er í fjórum hlutum: a) inngangur og varnarorð, b) lykilupplýsingar um bankann, c) lykilupplýsingar um verðbréfin og d) lykilupplýsingar um útboðið.

1.1 Inngangur og varnarorð

Samantekt þessa ætti að lesa sem inngang að útgáfulýsingu Íslandsbanka hf. („**bankinn**“), sem samantekt þessi er hluti af, dags 12. maí 2025 („**lysingin**“). Fjárfestir ætti að byggja sérhverja ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum bankans á lysingunni í heild sinni. Fjárfesting í verðbréfum bankans felur í sér innbyggða áhættu og fjárfestir sem fjárfestir í verðbréfum gæti tapað allri fjárfestingu sinni, eða hluta hennar.

Ef krafa vegna framkominna upplýsinga í lysingunni er gerð fyrir dómstólum gæti stefnandi, í samræmi við landslög, þurft að bera kostnað af þýðingu lysingarinnar áður en málaverli hefjast. Peir aðilar sem tekið hafa saman samantektina, þ.m.t. þýðingar á henni, geta sætt skaðabótaábyrgð en aðeins að því marki sem samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi þegar hún er lesin í samhengi við aðra hluta lysingarinnar, eða ef samantektin, lesin ásamt öðrum hlutum lysingarinnar, veitir fjárfestum ekki lykilupplýsingar við ákvárdanatöku um hvort fjárfesta eigi í slíkum verðbréfum.

Bankinn lýsir því yfir að lysingin, sem samantekt þessi er hluti af, var tekin saman í tengslum við útboð fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir hönd ríkissjóðs Íslands („**seljandinn**“) á allt að 376.094.154 almennum hlutum í bankanum („**grunnmagn**“); hins vegar hefur seljandinn áskilið sér rétt til að auka fjölda hluta sem boðnir eru í útboðinu um allt að 473.905.853 hluti („**stækkunarheimildin**“). Allir hlutir sem boðnir eru samkvæmt útboðinu, nefndir „útboðshlutir“, eru teknir til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf. („**Nasdaq Iceland**“) („**útboðið**“). Ekki er veitt heimild til notkunar lysingarinnar í öðrum tilgangi.

Útgefandi	Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160
Heimilisfang útgefanda	Hagasmári 3, 201 Kópavogur, Ísland
ISIN.....	IS0000028538
LEI kenninúmer útgefanda (LEI).....	549300PZMFIQR79Q0T97
Heimasíða útgefanda.....	www.islandsbanki.is
Símanúmer	+354 440 4000
Seljandi	Fjármála og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs Íslands
LEI kenninúmer seljanda	6488DCD3RCW325485J08
Lögbært yfirvald sem staðfesti lysinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands kt. 560269-4129
Dagsetning samþykki lysingarinnar.....	Kalkofnsvegur 1, 101 Reykjavík, Ísland tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is 12. maí 2025

1.2 Lykilupplýsingar um bankann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Bankinn er hlutafélag sem stofnað var til ótakmarkaðs tíma hinn 9. október 2008 skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og er skráður með kennitölu 491008-0160 hjá fyrirtækjaskrá Skattsins á Íslandi. Bankinn er staðsettur á Íslandi við Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Símanúmer bankans er +354 440 4000. LEI

kenninúmer bankans er 549300PZMFIQR79Q0T97. Almennir hlutir bankans („hlutirnir“) voru teknir til viðskipta á Nasdaq Iceland í júní 2021 undir auðkenninu „ISB“.

Bankinn er með starfsleyfi sem viðskiptabanki á Íslandi skv. 4. gr. laga, nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki og býður upp á alhliða þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Bankinn er einn af þremur helstu bönkum á Íslandi og nýtur sterkrar stöðu á markaði þvert á allar þjónustur. Árið 2024 var bankinn með um 31% markaðshlutdeild í einstaklingsviðskiptum (byggt á fjölda viðskiptavina með virka innlásnsreikninga sem hlutfall af fólk með lögheimil á íslandi (*heimild: Þjóðskrá Íslands*)), 37% markaðshlutdeild í viðskiptabankapjónustu (*heimild: Gallup könnun*), 34% markaðshlutdeild í fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi (*heimild: Gallup könnun*) og 28% af innlendum sjóðamarkaði fyrir almenna fjárfesta (*heimild: Keldan ehf. og vefsíður sjóðastýringarfyrirtækja*). Undir leiðarljósi framsækni, samvinnu og fagmennsku leitast bankinn við að vera hreyfiafl til góðra verka, með þá fyrirtækjasýn að skapa verðmæti fyrir framtíðina með framúrskarandi þjónustu og bæta að lokum fjárhagslega heilsu viðskiptavina sinna.

Við dagsetningu lýsingarinnar er íslenska ríkið í seljanda, eigandi 45,2% af útgefins hlutafjár í bankanum.

Eftirfarandi yfirlit tiltekur þá einstaklinga sem skipa stjórn bankans, fæðingardag þeirra, og árið sem þau voru fyrst kosin í stjórn bankans, staða innan stjórnarinnar og hvort þau séu álitin óháð bankanum og seljandanum skv. leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja og stjórnarháttaryfirlýsingu bankans, sem staðfest var af stjórn bankans þann 13. febrúar 2025:

Nafn	Staða	Fæðingarár	Í stjórn síðan	Óháð/-ur
Linda Jónsdóttir	Stjórnarmaður	1978	2023	Já
Stefán Pétursson	Varaformaður stjórnar	1963	2023	Já
Agnar Tómas Möller	Stjórnarmaður	1979	2023	Já
Haukur Örn Birgisson	Stjórnarmaður	1978	2023	Já
Helga Hlín Hákonardóttir	Stjórnarmaður	1972	2023	Já
Stefán Sigurðsson	Stjórnarmaður	1972	2024	Já
Valgerður Hrund	Stjórnarmaður	1963	2024	Já
Skúladóttir				

Eftirfarandi yfirlit tiltekur þá einstaklinga sem skipa framkvæmdastjórn bankans, fæðingarár þeirra og árið sem þau voru ráðin til núverandi stöðu innan framkvæmdastjórnar bankans:

Nafn	Staða	Fæðingarár	Skipuð/-aður
Jón Guðni Ómarsson	Bankastjóri	1976	2023
Ellert Hlöðversson	Framkvæmdastjóri fjármála	1982	2024
Guðmundur Kristinn Birgisson	Framkvæmdastjóri áhættustýringar	1967	2018
Barbara Inga Albertsdóttir	Framkvæmdastjóri regluvörslu	1982	2023
Riaan Dreyer	Framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og gagna	1975	2019
Ólöf Jónsdóttir	Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs	1980	2024
Una Steinsdóttir	Framkvæmdastjóri viðskiptabanka	1966	2017
Kristín Hrönn Guðmundsdóttir	Framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta	1976	2023

Aðalfundur kýs ytri endurskoðendur bankans í samræmi við samþykktir bankans. Tillaga stjórnar til aðalfundar byggir á tillögu endurskoðunarnefndar um val á endurskoðunarfyrirtæki.

Aðalfundur þann 31. mars 2025 samþykkti að kjósa KPMG ehf. sem ytri endurskoðendur bankans.

Helstu fjárhagsupplýsingar um bankann

Rekstrarreikningur samstæðu

	Priggja mánaða tímabil sem endar þann 31. mars		Ársuppgjör sem endar 31 desember		
	2025	2024	2024	2023	2022
	(tölur í milljónum króna)				
Hreinar vaxtatekjur	12.939	12.122	47.265	48.611	43.126
Hreinar þóknanatekjur	3.067	3.010	13.122	13.283	14.053
Aðrar hreinar rekstrartekjur ^(*)	(472)	1.058	2.551	1.392	57
Rekstrartekjur samtals	15.534	16.190	62.938	63.286	57.236
Rekstrargjöld samtals ^(*)	(7.896)	(7.603)	(29.998)	(28.523)	(25.941)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	7.638	8.587	32.940	34.763	31.295
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(3)	(704)	645	(1.015)	1.576
Hagnaður fyrir skatta	7.635	7.883	33.585	33.748	32.871
Tekjuskattur	(2.423)	(2.468)	(9.426)	(9.198)	(8.485)
Hagnaður tímabilsins fyrir hagnað af fastafjármunum til sölu	5.212	5.415	24.159	24.550	24.386
Hagnaður af fastafjármunum til sölu, að frádregnum skatti	(3)	2	87	35	149
Hagnaður fyrir tímabilið	5.209	5.417	24.246	24.585	24.535
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi.					
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum bankans	2,77	2,75	12,53	12,34	12,19

(*) Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt með óverulegum áhrifum: kostnaður að fjárhæð 951 milljón króna sem færður var í liðinn „Rekstrargjöld samtals“ í samstæðuársreikningi 2023 var endurflokkadur í liðinn „Hreinar þóknanatekjur“. Engum tengdum samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt fyrir árið 2022.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

	M.v. 31. mars		M.v. 31. desember	
	2025	2024	2023	2022
	(tölur í milljónum króna)			
Eignir				
Handbært fé og innistæður hjá Seðlabanka Íslands	69.944	65.716	87.504	94.424
Útlán til lánastofnana	92.259	50.486	73.475	110.364
Skuldabréf og skuldagerningar	142.937	142.618	161.342	130.804
Afleiðusamningar	9.092	5.324	5.776	7.461
Útlán til viðskiptavina	1.298.849	1.295.388	1.223.426	1.186.639
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	20.606	24.330	13.241	15.868
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	4.857	4.701	4.051	3.844
Fjárfestingareignir	2.900	2.600	—	—
Rekstrarfjármunir	5.135	5.039	6.562	6.752
Óefnislegar eignir	2.636	2.684	2.930	3.279
Aðrar eignir	16.532	7.304	3.638	6.072
Fastafjármunir til sölu	1.682	1.617	749	728
Eignir samtals	1.667.429	1.607.807	1.582.694	1.566.235
Skuldir				
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	14.374	12.535	16.149	15.269
Innlán viðskiptavina	936.779	926.846	850.709	789.897
Afleiðusamningar og skortstöður	6.677	7.306	5.090	10.804
Lántaka	407.266	367.586	417.573	468.270
Víkjandi lán	32.502	31.695	38.155	34.392
Skattaskuldir	12.912	12.916	13.107	12.128
Aðrar skuldir	39.025	21.568	17.218	16.601
Skuldir samtals	1.449.535	1.380.452	1.358.001	1.347.361
Eigið fé				
Hlutafé	9.368	9.473	9.898	10.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	42.472	55.000	55.000	55.000
Varasjóðir	7.673	7.102	5.083	9.158
Oráðstafað eigið sé	158.381	155.780	154.712	144.716

Eigið fé samtals	<u>217.894</u>	<u>227.355</u>	<u>224.693</u>	<u>218.874</u>
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>1.667.429</u>	<u>1.607.807</u>	<u>1.582.694</u>	<u>1.566.235</u>

Sjóðstremisfirlit samstæðunnar

	Priggja mánaða tímabil sem endar þann 31. mars		Ársuppgjör sem endar 31 desember		
	2025 ^(*)	2024 ^(*)	2024	2023	2022
			<i>(tölur í milljónum króna)</i>		
Handbært fé frá (til) rekstri	13.838	(5.035)	32.044	26.218	(39.439)
Fjárfestingarhreyfingar	(326)	(123)	(922)	(322)	(1.811)
Fjármögnumnarhreyfingar	35.658	28.236	(68.918)	(78.408)	49.683
Hækkun (lækkun) á handbæru fé og ígildi þess	49.170	23.078	(37.796)	(52.512)	8.433
Áhrif gengisbreytinga	(2.211)	(695)	(92)	(51)	5
Handbært fé og ígildi þess í byrjun tímabils	83.548	139.074	86.472	139.035	130.597
Handbært fé og ígildi þess við lok tímabils	130.507	161.457	48.584	86.472	139.035

(*) Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt: Reikningsskilaaðferðir samstæðunnar varðandi skilgreiningu á handbæru fé og ígildi þess hafa verið uppfærðar. Þessi breyting var gerð til að tryggja betri framsetningu á sjóðstremisfirliti samstæðunnar. Áður samanstóð handbært fé og ígildi þess í sjóðstremisfirlitinu af reiðufé, óbundnum innstæðum hjá Seðlabanka og veltiinnlánum hjá lánastofnunum. Nú samanstendur það af reiðufé, óbundnum innstæðum hjá Seðlabanka og lánum til lánastofnana, að undanskildum lánum til lánastofnana sem veðsett eru gegn afleiðugerningum. Þar af leiðandi jökkst „Handbært fé og ígildi þess í upphafi árs“ um 34.964 milljónir króna á priggja mánaða tímabilinu sem lauk 31. mars 2025 (52.602 milljónir króna á priggja mánaða tímabilinu sem lauk 31. mars 2024) og „Handbært fé og ígildi þess í lok tímabils“ jökkst um 83.607 milljónir króna á priggja mánaða tímabilinu sem lauk 31. mars 2025 (97.897 milljónir króna á priggja mánaða tímabilinu sem lauk 31. mars 2024). Að auki hefur breytingin áhrif á „Breytingar á rekstrareignum og skuldum“ og þar af leiðandi „Handbært fé frá (til) rekstrar“ og „Hreinn vöxtur í handbæru fé og ígildi þess.“

Helstu áhættupættir sem eru sértækir fyrir bankann

- Bankinn býr við útlánaáhættu og vera kann að hann geti ekki metið útlánaáhættu hugsanlegra lántaka með fullnægjandi hætti og veiti fyrirgreiðslu til viðskiptavina sem eykur útlánaáhættu bankans, og að auki inniheldur útlánasafn bankans tiltekin vandamála- og virðisrýrð lán.
- Aukið tap á útlánum bankans eða niðurfærslur vegna lána geta haft neikvæð áhrif á afkomu hans.
- Lánshæfismat bankans gæti lækkað eða lent í því að slíkt mat yrði ekki gefið út.
- Styrkur íslenska hagkerfisins er enn viðkvæmur fyrir ýmsum innlendum og alþjóðlegum efnahagslegum og pólitískum þáttum.
- Kerfisbundin áhætta gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi bankans.
- Bankinn er útsettur fyrir sjálfbærni- og loftlagstengdri áhættu.
- Bankinn, starfsemi hans og stjórnendur gætu áfram verið í kastljósi almennings af og til svo lengi sem íslenska ríkið á eignarhlut í bankanum.
- Truflanir, röskun, kerfislægar áskoranir og óstöðugleiki á fjármálamörkuðum gætu haft veruleg neikvæð áhrif á banka- og fjármögnumnarstarfsemi hans og gætu haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur, fjárhagsstöðu, rekstrarrafkomu og framtíðarhorfur samstæðunnar.
- Bankinn er bundinn eiginfjárkröfum og tengdu regluverki, sem leiða til aukins kostnaðar og gætu leitt til málshöfðana gegn bankanum.
- Bankanum ber að greiða skatta umfram hefðbundinn tekjuskatt fyrirtækja, sem leiðir til kostnaðar og samkeppnislegs óhagrædis.
- Bankinn gæti staðið frammi fyrir skattskyldu eða samkeppnislegum hömlunum vegna greiðslu virðisaukaskatts á tiltekna þjónustu sína.

1.3 Lykilupplýsingar um verðbréfin

Hverjir eru helstu eiginleikar verðbréfanna?

Tegund og flokkur verðbréfa og ISIN

Verðbréfin sem tekin verða til viðskipta eru hlutabréf í bankanum. Öll hlutabréf í bankanum eru í sama flokki og njóta öll sömu réttinda samkvæmt samþykktum bankans.

Hlutabréfin í bankanum er gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þau eru rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD Iceland í samræmi við lög, nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglur sem byggja á þeim. Hlutabréfin verða skráð undir auðkenninu „ISB“ og ISIN númerinu: IS0000028538.

Gjaldmiðill verðbréfanna

Íslenskar krónur.

Nafnvirði hlutanna

Hlutafé félagsins er kr. 9.402.353.850. Hlutafé félagsins skiptist í 1.880.470.770 hluti, hver að nafnverði fimm krónur, eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Réttindi tengd verðbréfunum

Allir hlutir í bankanum eru jafn réttháir og engin sérréttindi fylgja þeim. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár á hluthafafundum. Réttindi hluthafa á hverjum tíma taka mið af samþykktum bankans og gildandi löggjöf.

Rétthæð verðbréfa í fjármagsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi

Við slit eða gjaldþprot hlutafélags fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum hlutafélags, eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Hömlur á meðferð hluta

Engar hömlur eru á meðferð hluta, að öðru leyti en kveðið er á um í lögum, þ.m.t. lögum, nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglur sem byggja á þeim.

Arðgreiðslustefna

Með hliðsjón af gildandi lögum á hverjum tíma stefnir bankinn á að greiða um það bil 50% af hagnaði sem grunn arð. Bankinn mun nýta umfram eigið fé sitt til að styðja við frekari arðgreiðslur, endurkaup eigin bréfa og/eða auka vöxt sem eykur arðsemi eigin fjár, annað hvort með innri eða ytri vexti.

Sérstakar úthlutanir og arðgreiðslugeta

Bankinn getur stefnt að frekari hagkvæmri nýtingu eigin fjár, annað hvort með vexti eða úthlutun. Hins vegar ræðst tíðni og umfang sérstakra úthlutana, t.d. í formi endurkaupa á eigin bréfum eða með sérstökum arðgreiðslum, af ýmsum þáttum, þ.m.t. (án þess að takmarkast við) stýringu á gjaldeyrisolafnvægi, lausafjárstöðu bankans, aðgengi að fjármagnsmörkuðum, eiginfjárkröfum sem settar eru fram af hálfu fjármáleftirlits Seðlabanka Íslands, tilmælum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni („EBA“) og fleiri atriðum. Bankinn heldur áfram að leggja áherslu á hagkvæma nýtingu eigin fjár, þar með talið með arðgreiðslur og endurkaupaáætlun hlutabréfa, með fyrirvara um markaðsaðstæður.

Hvar munu viðskipi með verðbréfin fara fram?

Verðbréfin eru tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., sem er skipulegur markaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?

Verðbréfin eru ekki með ábyrgð.

Helstu áhættupættir sem eiga sérstaklega við um verðbréfin

- Markaðsvirði útboðshlutanna getur sveiflast og gæti farið niður fyrir útboðsgengið.
- Geta bankans til að taka ákvörðun um arðgreiðslur í framtíðinni er háð ýmsum þáttum
- Eftir því hversu stóran hlut íslenska ríkið á í bankanum, gæti það haft áhrif á starfsemi hans, og hagsmunir ríkisins gætu í ákveðnum tilvikum stangast á við hagsmuni annarra hluthafa bankans.

1.4 Helstu upplýsingar um útboðið og töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilmálum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Útboðið nær til þegar útgefinna hlutabréfa í bankanum sem seljandi er eigandi að. Seljandi mun ráðfæra sig við umsjónaraðila og samþykkja endanlega hluta sem seldir verða í útboðinu. Á útboðstímabilinu verður útboðinu skipt í „tilboðsbók A,“ „tilboðsbók B“ og „tilboðsbók C“ eftir stærð tilboðanna og tegund fjárfesta, byggð á hlutlægum mælikvörðum. Einstaklingar sem eru með íslenska kennitölu mega aðeins leggja fram pantanir í tilboðsbók A. Einstaklingar og aðrir fagfjárfestar mega leggja pantanir í tilboðsbók B, en tilboðsbók C er eingöngu ætluð fagfjárfestum sem leggja fram tilboð fyrir eigin reikning og eiga eignir fyrir að minnsta kosti 70 milljarða króna.

Útboðið fer eftir og er undirorpíð lögum um ráðstöfun eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf. nr. 80/2024. Verðið sem verðbréfin verða seld á („**útboðsverðið**“) er fyrir (i) tilboðsbók A, kr. 106,56 á hvern útboðshlut, sem nemur meðalverði hlutabréfa í Íslandsbanka hf. síðustu 15 daga fyrir birtingu útboðslýsingar með 5% fráviki til lækkunar, (ii) tilboðsbók B. er áætlað að verði að lágmarki kr. 106,56 á hvern hlut og verður ákvarðað með tilboðsfyrirkomulagi og (iii) tilboðsbók C verður það sama og ákvarðað er fyrir tilboðsbók B. Útboðsverðið verður ákvarðað í íslenskum krónum. Útboðsverðið fyrir tilboðsbók B skal vera lægsta tilboðsverð sem nær grunnmagni útboðsins en lágmarksverð skal þó ekki vera lægra en fasta verðið í tilboðsbók A. Lágmarkstilboð skal vera kr. 100.000 í tilboðsbók A og kr. 2.000.000 í tilboðsbók B og kr. 300.000.000 fyrir tilboðsbók C. Hámarksfjárhæð tilboða í tilboðsbók A er kr. 20.000.000, en engar slíkar hámarksfjárhædir gilda fyrir pantanir í tilboðsbók B eða C annað en það sem takmarkast af heildarstærð útboðsins, þ.e. heildarmagni að teknu tilliti til stækunarheimildarinnar, eftir því sem við á.

Með fyrirvara um framlengingu eða frestan tímaáætlunar útboðsins, er útboðstímabilið að því er varðar almenna útboðið á Íslandi frá klukkan 8:30 GMT þann 13. maí 2025 til klukkan 17:00 GMT þann 15. maí 2025 („**útboðstímabilið**“). Engar pantanir verða samþykktar eftir að útboðstímabilinu lýkur (nema seljandi ákveði sérstaklega að fresta útboðinu, eða framlengja það og í slíkum tilvikum verður gefinn út viðauki við þessa lýsingu, eins og við getur átt.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar þann 15. maí 2025 og gerðar aðgengilegar á heimasíðum seljanda, bankans og Kviku. Í kjölfar þess verða upplýsingar um úthlutun á hlutunum sem verða til sölu til fjárfesta í útboðinu sendar fjárfestum (þ.e. staðfesting eða lækkun á pöntunum) þann 16. maí 2025. Lokagjalddagi greiðslu fyrir úthlutaða hluti er 20. maí 2025 og gert er ráð fyrir því að hlutabréf verði afhent innan tveggja virkra daga frá því að greiðsla fyrir hlutabréf berst.

Seljandi áskilur sér rétt til að hætta við útboðið ef ekki verða gerð tilboð í viðunandi fjölda hlutanna sem selja á í útboðinu, ef ekki fæst ásættanlegt útboðsverð, eða af einhverri annarri ástæðu, allt að eigin mati. Verði hætt við útboðið í samræmi við framangreint verða öll tilboð í hluti sem selja á í útboðinu, og úthlutanir gerðar á grundvelli þeirra, ógild vegna þess. Greint verður frá því opinberlega ef hætt verður við útboðið, eða útboðstímabilinu framlengt eða því frestað og í slíkum tilvikum (ef frá eru talin tilvik þar sem hætt verður við útboðið) verður gefinn út viðauki við lýsinguna sem verður útbúinn, staðfestur og birtur í samræmi við 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar og 5. gr. laga, nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, eins og við á. Í slíkum tilvikum (ef frá eru talin tilvik ef hætt er við útboðið), munu fjárfestar eiga þess kost að afturkalla pantanir sínar. Ef útboðinu er aflýst eiga fjárfestar ekki rétt á að fá skýringar á ástæðum þess.

Fjárfestar í almenna útboðinu á Íslandi geta fengið upplýsingar um útboðið á útboðsvef Kviku www.kvika.is/islandsbanki. Frekari upplýsingar um útboðið eru veittar í síma +354 540 3290 eða í gegnum netfangið islandsbanki-fyrirspurnir@kvika.is. Fjárfestar geta nálgast upplýsingar í gegnum síma og tölupóst á milli kl. 09:00 og 16:00 GMT á meðan útboðstímabilinu stendur.

Hvers vegna er lýsingin gerð?

Lýsing þessi er unnin í tengslum við útboð hlutabréfa í bankanum af hálfu seljanda. Heildarkostnaður seljanda er áætlaður kr. 900 m.kr. og samanstendur af þóknun fyrir sölutryggingu, kostnaði sem hlýst af yfirferð og staðfestingu lýsingarinnar, þ.á m. þóknanir til ráðgjafa og kostnaður tengdur markaðssetningu og sölu hlutanna. Heildarkostnaður sem bankinn ber er áætlaður 50 m.kr. og samanstendur af tilteknum lögfræðikostnaði, ferðakostnaði og ýmsum útgjöldum.

Allt andvirði af sölu hlutabréfanna rennur til seljanda og fær bankinn ekki neinn hluta andvirðisins. Heildarandvirði útboðsins sem rennur til seljanda er áætlað um kr. 40.076,6 m.kr. (að því gefnu að útboðsverð verði 106,56) og stækunarheimildin sé ekki nýtt).

Samanlögd sölutryggingarþóknun sem greidd verður af seljanda í tengslum við útboðið er áætluð um kr. 600 m.kr. (að því gefnu að útboðsverð verði 106,56 og stækunarheimildin sé ekki nýtt). Hreint andvirði til seljanda er áætlað kr. 39.176,6 m.kr. (að því gefnu að útboðsverð verði 106,56 og stækunarheimildin sé ekki nýtt).

Bankinn, seljandi og söluráðgjafarnir hafa gert með sér samning um sölutryggingu („sölutryggingarsamningurinn“) að því er varðar hlutina sem seldir verða af seljanda í útboðinu. Með fyrirvara um tiltekin skilyrði, sem fram koma í sölutryggingarsamningnum, hefur seljandi samþykkt að selja hluti til kaupenda sem söluráðgjafarnir útvega. Fáist ekki kaupendur samkvæmt framangreindu verða hlutir seldir til söluráðgjafanna og sérhver þeirra hefur samþykkt að kaupa af seljanda, eftir atvikum, hlutfall hlutanna sem seldir verða eins og þeir eru tilgreindir í neðangreindu yfirliti.

Söluráðgjafar	Hlutfall boðið í útboðinu
Barclays Bank Ireland PLC	33,33%
Citigroup Global Markets Europe AG	33,33%
Kvika banki hf.	33,33%
ABN AMRO Bank N.V. ^(*)	0,00%
Arctic Securities AS ^(*)	0,00%
Arctica Finance hf. ^(*)	0,00%
Arion banki hf. ^(*)	0,00%
J.P. Morgan SE ^(*)	0,00%
Landsbankinn hf. ^(*)	0,00%
UBS Europe SE ^(*)	0,00%

(*) fer með hlutverk söluráðgjafa en sölutryggir enga hluti sem seldir verða í útboðinu

Í sölutryggingarsamningnum er kveðið á um að skuldbindingar söluráðgjafanna til að útvega kaupendur að hlutunum sem seld verða og, takist það ekki, skuldbindingar söluráðgjafanna til að kaupa hlutina sem seld verða, séu háðar tilteknum skilyrðum og getur þeim verið sagt upp af söluráðgjöfunum við tilteknar kringumstæður sem taka mið af hefðbundnum viðmiðum. Ákveði söluráðgjafar að segja upp sameiginlegu skuldbindingum sínum getur það leitt til þess að hætt verði við útboðið. Komi til þess að hætt verði við útboðið verða engir hlutir afhentir. Samkvæmt sölutryggingarsamningnum mun bankinn tryggja söluráðgjafana fyrir tilteknum skuldbindingum og tengdum kostnaði, eða mun reiða af hendi greiðslur sem söluráðgjöfunum kann að verða gert að greiða vegna slíkska skuldbindinga. Samkvæmt samningi milli bankans og seljanda, dagsettum 27. ágúst 2024, varðandi þátttöku bankans í útboðinu, hefur seljandi samþykkt að veita bankanum, stjórn hans, stjórnendum og starfsmönnum hans, skaðleysi gagnvart öllum kröfum, þar á meðal þeim sem umsjónaraðilar kunna að gera á hendur bankanum eða starfsfólki hans í tengslum við hlutverk þeirra í útboðinu. Þessi skaðleysisskuldbinding gildir ekki um kröfur sem stafa af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi af hálfu þess aðila sem nýtur skaðleysis.

Engir meiriháttar hagsmunaárekstrar eru til staðar í tengslum við útboð hlutanna í bankanum.